



Stjórnarfundur 4. maí 2022

Teams

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson
- Hálfdán Ragnar Guðmundsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Liður 15 undir Öryggisreglum félagsins
2. Bókunarferli fyrir salina
3. Fastir liðir
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
4. Önnur mál

1) Liður 15 undir Öryggisreglum félagsins

Á aðalfundi félagsins var borin fram tillaga af nýrri 15 grein öryggisreglna félagsins. Á fundinum var samþykkt megin hugtak greinarinnar en stjórn var falið að umorða þætti innan greinar.

Sigurður tekur að sér að semja drög sem verða lögð fyrir stjórnina fljótlega þannig að hægt sé að klára að uppfæra á vefnum okkar fyrir næsta stjórnarfund.

2) Bókunarferli fyrir salina

Upp hafa verið að koma árekstrar vegna skipulags á 50 metra sal félagsins og er stjórn félagsins sammála um að það þurfi að finna einhverja leið til þess að halda utan um hver er með salina okkar á hverjum tíma. Félagið er að vinna í því að taka upp Sport Abler í stað Felix og mun þetta leysast þar.

Sigurður tekur að sér að kanna það kerfi og vera með það á hreinu í upphafi næsta tímabils.

3) Fastir Liðir

a) D-Leyfis umsóknir

Engin óskir eru virkar en 2 umsóknir hafa verið afgreiddar síðan á seinasta fundi.

b) Mál Félagsmanns hjá STÍ

Félagið er að vinna í að sækja styrk fyrir einn iðkanda sem stefnir á að fara á HM í BR50 til STÍ.

c) Húsnæðismál

Vinna fer af stað á næstu dögum, Stjórn er sammála um að senda út tilkynningu um að það þurfi að vera búið að tæma alla skápa sem ekki eru í hvelfingunni okkar í síðasta lagi miðvikudaginn 11 maí. Haldinn verður svo vinnudagur laugardaginn 14.maí og sunnudaginn 15.maí ef þörf er á.

Húsnæðið þarf að vera tilbúið undir framkvæmdir mánudaginn 16 maí og telur stjórn félagsins mikilvægt að framkvæmdir tefjist ekki vegna þess að við erum ekki tilbúin.

Skotfélagið Skyttur hafa verið í samskiptum við stjórn félagsins vegna kaupa á gamla Megalink kerfinu úr 50 metra salnum, stjórnin er sammála um að afhenda þeim það fyrir framkvæmdir og halda svo áfram viðræðum um kaupverð.

Við vorum bún að fá einhver velyrði fyrir geymslurými frá kópavogsbæ á meðan á framkvæmdum stendur, ætlar formaður að kanna það mál betur.

4) Önnur mál

Félagið hélt um daginn æfingu í skíðaskotfimi sem gekk prýðilega. Upp bar á tal hvort hægt verði að stunda skíðaskotfimi í féluginu okkar. Stjórn félagsins er mjög spennt fyrir því að taka þátt í uppbyggingu á þessari íþrótt og er af öllum vilja gerð til þess að finna þeim æfingartíma.